


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Stúlkan sem
lifði tvisvar



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.




Jáirus var Gyðinglegur kirkjuleiðtogi
sem tilbað Guð og kenndi
Guðs orð. Dag
nokkurn varð

Jáirus mjög
áhyggjufullur.



Ástkær dóttir hans, aðeins tólf ára gömul, veiktist. Það virtist sem enginn gæti hjálpað henni. Þetta var slæm veiki. Jaírus vissi að dóttir hans var að deyja.



Það var aðeins einn sem gat hjálpað
dóttur Jaírusar. Jaírus fór til
að finna Jesú og fá hann



til að koma
heim til sín.



Jáirus vissi sennilega að vinir hans í
söfnuðinum samþykktu ekki
Jesú, en Jáirusi var sama.



Hann varð að fá skjóta hjálp
áður en dóttir hans dæi.





Jáirus
fann
Jesú
þar
sem
hann
var
umkringdur
mannfjölda.






Hann féll
að fótum
Jesú.
"Dóttir
mín
litla,
liggur
fyrir
dauðanum, ...






... "Komdu
og legðu
hendur
þínar yfir
hana svo
að hún
megi
læknast
og lifa."






Jesús fór með
Jaírusi en þeir gátu
ekki farið hratt
yfir vegna hins
mikla fólksfjölda.
Þar var kona ein
sem verið hafði
mikið veik í 12
löng ár.





Hún hafði farið til
allra læknanna, og
eitt öllum sínum
peningum, án
árangurs. Ó,
hversu mikið
hana langaði til
að finna Jesú!






Hvað gat
konan
gert?
"Ef ég
aðeins


fae að snerta klæði hans,
þá mun ég læknastr," tautaði hún
fyrir sér". Hún mjakaði sér í
áttina til Jesú. Svo rétti hún út
höndina og snerti skikkju Jesú.



Kraftaverk! KRAFTAVERK!
Konan læknaðist. Samstundis!
Algerlega! Hún vissi
að hún var læknuð,
styrk og heil. Þá
heyrðist rödd.
"Hver snerti mig?"



spurði Jesús. Fjöldi fólks
hafði snert hann. En konan
sem hafði læknað vissi
að hann vildi að hún
segði honum frá því.
Feimnislega sagði
hún honum frá
öllu saman.



Samtímis komu þjónar frá húsi
Jaírusar. Sennilega mátti sjá
sorgarsöguna í
andlitum þeirra
áður en þeir
mæltu eitt
einasta orð.
"Dóttir þin
er dáin!"



sögðu þeir Jaírusi. Dáin!
Það var um seinan. Ef
konan hefði ekki
seinkað öllu...
hugsanlega,
ef... Dáin!
Dóttir hans
ástkæra var
dáin.



Þegar Jesús heyrði það, svaraði hann: "Verið ekki hrædd, heldur trúið, og hún mun verða heil aftur."

Það hlýtur að hafa verið erfitt fyrir Jaírus að fyllilega trúa Jesú.



Dóttir hans var dáin. Það var mikil sorg og grátur heima hjá Jaírusi.

"Hún er ekki dáin, hún bara sefur,"

Jesús sagði

þeim. Þau

hlógu að

honum. Þau

vissu að

hún var

dáin.



Jesús sagði þeim öllum að fara út,
tók hönd stúlkunnar
og sagði, "Rís
upp telpa
mín."



Jáirus og kona hans ásamt þremur
af lærisveinum Jesús voru
til staðar. Þau öll
heyrðu orð Jesús.
Skyldi litla látna
stúlkan líka
heyra í
þeim?



Látna stúlkan heyrði fyrirmæli

Jesú!

Andi

hennar

snéri

aftur,

og hún

reis

upp


tafarlaust.




Jesús hafði
reyst hana
upp frá
dauðum.



Foreldrar stúlkunnar voru furðu
lostnir. Jesús sagði þeim að gefa
henni eitthvað að borða. Þau hljóta
að hafa
verið frá
sér numin
af gleði og
þakklæti
í garð
Jesú.



Dásamlegur kærleikur hans og
kraftur endur heimti
dóttur þeirra frá
dauðanum."



Stúlkan sem lifði tvisvar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Markúsi 5, Lúkasi 8

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

